


DAGUR STÆRÐFRÆÐINNAR



Í hópnum eru:

Hér finnið þið 42 þrautir.

Þið megið velja hvaða þrautir þið leysið en markmiðið er að leysa eins margar þrautir og þið getið innan tímarammans og fá sem flest stig.

Það þarf ekki að leysa þrautirnar í réttri röð.

Það getur tekið mislangan tíma að leysa þrautirnar en athugið að þær gefa líka mismunandi stigafjölda. Mögulegt er að fá 650+ stig.

Athugið að þetta eru samvinnuþrautir. Þið verðið því að halda hópinn allan tímann og leysa hverja þraut saman sem hópur.

Fyrir góða samheldni og samvinnu er hægt að fá 50 stig.

Gangi ykkur vel.

1. Finnið dúndurskemmtilegt og stærðfræðilegt nafn á hópinn

_____ 10 stig

2. Spilið Olsen Olsen tvisvar sinnum. **20 stig**

Sigurvegari 1: _____

Sigurvegari 2: _____

3. **Útiþraut.** Allir í hópnum hlaupa/ganga **einn** hring í kringum skólann og taka tímann hver fyrir sig.

Hvað tók það ykkur langan tíma að fara **einn** hring samtals? _____ mín.

Hver er meðaltíminn? _____ mínútur. **40 stig**

4. Hvað er langt frá inngangi skólans að stærðfræðistofunni? _____ metrar. **15 stig**
5. Leysið þessa þraut: Fimm systur eru heima. Anna er að lesa, Birna er að ganga frá þvotti, Elsa er að tefla og Gyða er að búa til mat. Hvað er Helga að gera? **15 stig**

6. Reiknið meðalhæð hópsins ykkar og sýnið lausnarleið. **40 stig**

Meðalhæð hópsins er: _____

7. Ef allir í hópnum heilsast einu sinni, hvað verða það þá mörg handabönd? _____ **10 stig**
8. Hvað eru margar mínútur í einu ári? _____ **10 stig**
9. **Útipraut.** Hvaða litur er algengastur á bílunum sem eru lagðir á bílastæðunum við skólann?

Svar: _____ **20 stig**


10. Semjið **stærðfræði**ljóð sem rímar og er 4 ljóðlínur að lengd. Flytjið ljóðið með tilþrifum fyrir ritara skólans og biðjið hana um að kvitta fyrir að því loknu. **20 stig fyrir ljóð + 20 stig fyrir flutning**

Ljóð: _____

Kvittun ritara: _____

11. **Útíprauf.** Takið mynd af mynstri, samhverfu eða speglun í umhverfinu og deilið myndinni með kennara. **20 stig**

12. Skoðið tákinn hér fyrir neðan. Hvaða tákn er næst í röðinni? _____ **20 stig**



13. Í skúffu á dimum stað liggja 12 rauðir sokkar og 12 bláir sokkar. Þegar maður fer í skúffuna er engin leið að sjá hvaða litur er á hverjum sokki. Það er heldur ekki hægt að merkja neinn mun á sokkunum. Hve marga sokka þarf að lágmarki að taka upp úr skúffunni til að vera viss um að fá sokkpar sem er eins á litinn? **20 stig**

Svar: _____

14. **Útíprauf.** Körfubolti. Hver og einn í hópnum tekur 5 skot á körfuna frá vítapunkti. Reiknið út skotnýtingu hvers og eins (sýnið útreikninga) **40 stig.**


15. Takið upp leikið myndskaið sem sýnir hvernig stærðfræði nýtist í daglegu lífi. Allir í hópnum verða að taka þátt og myndskaiðið á að vera um það bil 1 mínúta að lengd. Deilið myndbandinu með kennara. **30 stig**

16. Hver svaf í heila öld? _____ **5 stig**
17. Hvað er ein öld mörg ár? _____ **5 stig**
18. Hvað er póstnúmerið í hverfinu þínu? _____ **5 stig**
19. Hvaða ár fæddist stærðfræðikennarinn ykkar? _____ **5 stig**
20. Hvað voru íbúar Íslands margir 1. janúar 2023? _____ **5 stig**
21. Hvað voru íbúar Íslands margir 1. janúar 1973? _____ **10 stig**
22. Hvað voru íbúar Íslands margir 1. janúar 1923? _____ **10 stig**
23. Hvað voru íbúar Íslands margir 1. janúar 1823? _____ **10 stig**
24. Hvað voru íbúar Íslands margir 1. janúar 1703? _____ **10 stig**
25. Skrifðu 5 orð sem hægt er að búa til úr bókstöfunum í orðinu **margföldun** - **3 stig fyrir hvert orð**

26. Faðir og dóttir eru samtals 66 ára. En það merkilega er að þegar aldur pabbans er skráður þá kemur út tala sem er spegiltala af aldri dótturinnar (t.d. 23 og 32). En hvað gætu þá feðginin mögulega verið gömul? Getið þið fundið fleiri en eina lausn?
10 stig fást fyrir hverja lausn

27. Hvaða orð úr röð b passar í röð a? Útskýrið líka af hverju það passar. **20 stig**
- tunga, band, flötur, fræði
 - sól, mál, hönd, grein

28. Hvað er eitt tonn mörg kíló? _____ **5 stig**
29. Hvor mælieiningin er stærri: tommu eða sentímetri? _____ **5 stig**
30. Hvor talan er lægri á dönsku: halvfjerds eða halvtreds? _____ **5 stig**
31. Hvor listamaðurinn er hærrí í loftinu: Lady Gaga eða Danny DeVito? _____ **5 stig**
32. Á hvaða vikudegi verður 24. desember í ár? _____ **5 stig**
33. Í hvorri íþrótt eru fleiri leikmenn á vellinum í einu: handbolta eða íshokkí? _____ **5 stig**
34. Hvor mælieiningin er stærri: dekametri eða hektómetri? _____ **5 stig**
35. Hvað heitir hæsti tindur Íslands og hvað er hann hár? _____ **10 stig**
36. Hver er sjötta reikistjarnan frá sólinni? _____ **5 stig**
37. Hvað er ein matskeið margar teskeiðar? _____ **5 stig**
38. Hvað heitir forsætisráðherra Íslands (fullt nafn)? _____ **5 stig**
39. Hvert er algengasta orðið í ensku? _____ **5 stig**
40. Hvað heitir form hitaveitutankanna á stærðfræðitungumáli?
_____ **5 stig**
41. 14. mars er alþjóðlegur **DAGUR STÆRÐFRÆÐINNAR**.
Af hverju er dagur stærðfræðinnar haldinn þennan dag á hverju ári? **20 stig**
- _____
- _____
- _____
42. **Útípraout.** Taka mynd af hópnum (allir í hópnum verða að vera með á myndinni). Deilið myndinni með kennara. **50 stig**



STÆRÐFRÆÐI ROKKAR